

Lög

**um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006,
með síðari breytingum (stjórn álaveiða).**

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 20. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð sett reglur um álaveiðar, m.a. um að banna eða takmarka álaveiðar um allt land eða á tilteknum svæðum ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 26. apríl 2018.